

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið**  
**Skúlagata 4**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 17. nóvember 2009.

Efni: Drög að breyttri reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 224/2006.

*Viðskiptaráð þakkar ráðuneytinu fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind reglugerðardrög.*


Viðskiptaráðs Íslands varar við boðuðum breytingum á ofangreindri reglugerð þar sem þær eru líklegar til að rýra aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa og draga þar með úr mikilvægri verðmætasköpun í hagkerfinu. Vísast þar einkum til breytinga á 2. og 14. gr. reglugerðarinnar sbr. IX. kafla hennar.

Fari svo að breytingar á framangreindum ákvæðum verði samþykktar verður íslenskum fiskiskipum gert ómögulegt að sigla beint með aflann sinn á erlenda markaði og nýta sér þannig með skilvirkum hætti hagfelldar aðstæður á þeim mörkuðum til að auka verðmæti aflans. Þá munu breytingarnar að öllum líkindum leiða til röskunar á frágangi og gæðum aflans með því að gera úrtaksvigtun hérlendis skyldubundna þegar um er að ræða afla sem ætlunin er að selja á erlendum mörkuðum.

Í núverandi efnahagsárferði skiptir sköpum að stjórnvöld verði braut aukinnar verðmætasköpunar íslensks atvinnulífs með virku samráði við hlutaðeigandi atvinnugreinar. Aukin verðmætasköpun kallar á lífvænlegra atvinnulíf og bætt lífskjör, sem eru grundvallarstoðir tekjuöflunar ríkissjóðs. Án frekari skýringa á ástæðum þessara breytinga á reglugerðinni verður ekki betur séð en að þær gangi gegn framangreindu.

**Viðskiptaráð leggur til að breytingarnar nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,



---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs